- Vegna þess að þá var skólaráð ekki til. Hafa verið teknar fyrir á fundum skólaráðs ásamt þeim breytingum sem gerðar hafa verið.
- Veit ekki, var í höndum fyrrum skólastjóra.
- Verklag hefur ekki verið með þeim hætti, er í endurskoðun.
- Vinnan með skólaráði var ekki kominn í þann farveg sem það er komið núna en nú er verið að endurskoða starfsáætlun og skólanámskrá og þá verða þær teknar þar til umræðu eins og margt annað í þeirri vinnu.
- Það var ekki búið að stofna skólaráð, en skólaráð hefur fjallað um skýru mörkin.
- Það var ekki tekið til starfa.
- Það var ekki til þegar reglurnar voru unnar. Nýjar skólareglur verða unnar á þessu skólaári og verður skólaráð með í þeirri vinnu.
- Þá var skólaráð ekki til.
- Þáverandi skólastjóri vann allar reglur og skipulag án samráðs. Reglur eru í endurskoðun í m.a. nemendaráði og skólaráði.
- Þær eru gerðar fyrir tíma skólaráða.
- þær eru í grunninn eldri en skólaráð og nú stendur yfir endurskoðun á þeim í tengslum við innleiðingu Jákvæðs aga.
- Þær voru bornar undir skólaráð til umsagnar.
- Þær voru bornar undir skólaráðið.
- Þær voru gerðar á tíma þegar skólaráð var ekki starfandi við skólann.
- Þær voru kynntar skólaráði en einungis starfsfólk og nemendur komu að gerð þeirra.
- Þær voru síðast endurskoðaðar í samráði við foreldraráð skólans en þá var skólaráð ekki komið til.

# Sp. 33. Fyrir hverjum hafa skólareglurnar verið kynntar?

| | Fjöldi | % | +/- |
|---|---|---|---|
| Kennurum | 161 | 99,4 | 1,2 |
| Nemendum | 160 | 98,8 | 1,7 |
| Foreldrum | 159 | 98,1 | 2,1 |
| Öðru starfsfólki skólans | 158 | 97,5 | 2,4 |
| Aðilum grenndarsamfélagsins sem starfa með börnum og ungmennum, s.s. á baðstöðum, íþróttahúsi og frístundaheimilum | 52 | 32,1 | 7,2 |
| Öðrum | 17 | 10,5 | 4,7 |
| Fjöldi svara | 707 | | |
| Tóku afstöðu | 162 | 97,6 | |
| Tóku ekki afstöðu | 4 | 2,4 | |
| Fjöldi svarenda | 166 | 100,0 | |




Í þessari spurningu mátti nefna fleiri en einn svarmöguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.

# Sp. 33. Fyrir hverjum hafa skólareglurnar verið kynntar?

**Það sem nefnt var í „Öðrum“**

- Bæjaryfirvöldum Garðabæjar.
- Eru á heimasíðu.
- Eru enn í vinnslu.
- Eru í endurskoðunarferli.
- Fræðslu- og frístundanefnd.
- Í ferli heildarmats sem Skóla- og frístundasvið vann á haustmisseri 2012.
- Reglurnar eru sýnilegar á nokkrum stöðum í skólanum og eru þannig kynntar fyrir þeim sem sækja skólann heim.
- Skólabílstjórum.
- Skólaráði og skólanefnd. (Nefnt af 2)
- Skólaráði. (Nefnt af 3)
- Skólaþjónustu Garðabæjar.
- Starfsfólki og fagaðilum á skólaskrifstofu og fræðsluráði.
- Veit ekki með hverjum reglurnar voru unnar en þær hafa a.m.k. verið kynntar nemendum.
- Öllum sem lesa heimasíðu skólans.

# Sp. 34. Hvenær er næsta endurskoðun skólareglna fyrirhuguð?

| | Fjöldi | % | +/- |
|---|---|---|---|
| Skólaárið 2013-2014 | 66 | 40,7 | 7,6 |
| Skólaárið 2014-2015 | 68 | 42,0 | 7,6 |
| Skólaárið 2015-2016 | 6 | 3,7 | 2,9 |
| Skólaárið 2016-2017 | 3 | 1,9 | 2,1 |
| Annað ár | 19 | 11,7 | 5,0 |
| Fjöldi svara | 162 | 100,0 | |
| Tóku afstöðu | 162 | 97,6 | |
| Tóku ekki afstöðu | 4 | 2,4 | |
| Fjöldi svarenda | 166 | 100,0 | |




**Það sem nefnt var í „Annað ár“**

- 2008 - 2009 Þær eru  ræddar á hverju ári.
- Á hverju ári er skólahandbók skólans yfirfarin, þar á meðal skólareglur. Þó eru ekki á þessarri stundu önnur sérstök áform um endurskoðun skólareglna.
- Ekki ákveðið en verður fljótlega í tengslum við endurskoðun á skólastefnu.
- Ekki ákveðið þar sem endurskoðaðar reglur eru að öðlast gildi í nóvember 2013.
- Ekki ákveðið. (Nefnt af 2)
- Er ekki fyrirhugað.
- Er endurskoðuð á hverju ári.
- Eru í skoðun.
- Gert reglulega.
- Reglurnar eru í stöðugri endurskoðun.
- Reglurnar eru sífellt í endurskoðun. Ekki liggur fyrir að taka þær til endurskoðunar á næstunni.
- Tímasetning hefur ekki verið ákveðin en í raun eru skólareglur stöðugt til endurskoðunar.
- Var verið að endurskoða reglurnar þær eru endurskoðaðar á hverju ári.
- Verklag er í sífeldri endurskoðun.
- Þær eru endurskoðaðar á hverju ári.
- Þær eru í umræðunni á hverju ári.

# Sp. 35. Hefur skólinn mótað skýr viðbrögð við brotum á skólareglum?

| | Fjöldi | % | +/- |
|---|---|---|---|
| Já | 135 | 83,3 | 5,7 |
| Nei | 4 | 2,5 | 2,4 |
| Er í vinnslu | 23 | 14,2 | 5,4 |
| Fjöldi svara | 162 | 100,0 | |
| Tóku afstöðu | 162 | 97,6 | |
| Tóku ekki afstöðu | 4 | 2,4 | |
| Fjöldi svarenda | 166 | 100,0 | |




capacent GALLUP

# Sp. 37. Hafa viðbrögð við brotum á skólareglum verið kynnt?

| | Fjöldi | % | +/- |
|---|---|---|---|
| Nemendum | 135 | 100,0 | 0,0 |
| Foreldrum | 135 | 100,0 | 0,0 |
| Kennurum | 134 | 99,3 | 1,4 |
| Öðru starfsfólki skólans | 131 | 97,0 | 2,9 |
| Aðilum grenndarsamfélagsins sem starfa með börnum og ungmennum, s.s. á baðstöðum, íþróttahúsi og frístundaheimilum | 37 | 27,4 | 7,5 |
| Öðrum | 10 | 7,4 | 4,4 |
| Fjöldi svara | 582 | | |
| Spurðir | 135 | 81,3 | |
| Ekki spurðir | 31 | 18,7 | |
| Fjöldi svarenda | 166 | 100,0 | |




Í þessari spurningu mátti nefna fleiri en einn svarmöguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.

Þeir skólar sem hafa mótað skýr viðbrögð við brotum á skólareglum (sp. 35) voru spurðir þessarar spurningar.

# Sp. 38. Var nemanda/nemendum vísað úr skólanum skólaárið 2012-2013?

| | Fjöldi | % | +/- |
|---|---|---|---|
| Tímabundið úr kennslu það sem eftir lifir dags | 54 | 33,3 | 7,3 |
| Tímabundið úr einstakri námsgrein | 16 | 9,9 | 4,6 |
| Tímabundið úr skóla (hámark vika) | 13 | 8,0 | 4,2 |
| Tímabundið úr félags- og tómstundastarfi | 3 | 1,9 | 2,1 |
| Ótímabundið úr skóla | 2 | 1,2 | 1,7 |
| Ótímabundið úr félags- og tómstundastarfi | 1 | 0,6 | 1,2 |
| Ótímabundið úr einstakri námsgrein | 0 | 0,0 | 0,0 |
| Engum nemanda var vísað úr skólanum skólaárið 2012-2013 | 102 | 63,0 | 7,4 |
| Annað | 3 | 1,9 | 2,1 |
| Fjöldi svara | 194 | | |
| Tóku afstöðu | 162 | 97,6 | |
| Tóku ekki afstöðu | 4 | 2,4 | |
| Fjöldi svarenda | 166 | 100,0 | |




Í þessari spurningu mátti nefna fleiri en einn svarmöguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.

## Sp. 38b. Nú biðjum við þig um sundurliðaðar upplýsingar vegna þeirra nemenda sem var tímabundið vísað úr kennslu það sem eftir lifði dags. Hver var fjöldi nemenda?

| Fjöldi nemenda | Fjöldi skóla | % | +/- |
|---|---|---|---|
| 1 | 14 | 26,4 | 11,9 |
| 2 | 16 | 30,2 | 12,4 |
| 3 | 9 | 17,0 | 10,1 |
| 4 | 3 | 5,7 | 6,2 |
| 5 | 2 | 3,8 | 5,1 |
| 6 | 2 | 3,8 | 5,1 |
| 7 | 1 | 1,9 | 3,7 |
| 10 | 1 | 1,9 | 3,7 |
| 21 | 1 | 1,9 | 3,7 |
| Fjöldi svara | 49 | | |
| Tóku afstöðu | 53 | 91,4 | |
| Tóku ekki afstöðu | 5 | 8,6 | |
| Fjöldi aðspurðra | 58 | 100,0 | |
| Spurðir | 58 | 34,9 | |
| Ekki spurðir | 108 | 65,1 | |
| Fjöldi svarenda | 166 | 100,0 | |




Þessi spurning var opin, þ.e. engir svarmöguleikar voru gefnir fyrirfram. Svarendur höfðu því frjálsar hendur um eðli og fjölda svara. Hlutfallstölur eru reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.

# Sp. 38b. Í hvaða árgangi var nemandinn sem var tímabundið vísað úr kennslu það sem eftir lifði dags?

| Árgangur | Fjöldi nemenda | % | +/- |
|---|---|---|---|
| 3. bekkur | 2 | 14,3 | 18,3 |
| 4. bekkur | 3 | 21,4 | 21,5 |
| 5. bekkur | 1 | 7,1 | 13,5 |
| 6. bekkur | 2 | 14,3 | 18,3 |
| 7. bekkur | 2 | 14,3 | 18,3 |
| 9. bekkur | 1 | 7,1 | 13,5 |
| 10. bekkur | 3 | 21,4 | 21,5 |
| Fjöldi svara | 14 | 100,0 | |
| Tóku afstöðu | 14 | 100,0 | |
| Tók ekki afstöðu | 0 | 0,0 | |
| Fjöldi aðspurðra | 14 | 100,0 | |
| Spurðir | 14 | 8,4 | |
| Ekki spurðir | 152 | 91,6 | |
| Fjöldi svarenda | 166 | 100,0 | |

Þeir sem svöruðu „einn“ (bls 75) voru spurðir þessarar spurningar.



# Sp. 38b. Í hvaða árgangi/árgöngum voru nemendurnir sem var tímabundið vísað úr kennslu það sem eftir lifði dags?

| Árgangur | Fjöldi nemenda | % | +/- |
|---|---|---|---|
| 1. bekkur | 1 | 2,9 | 5,5 |
| 2. bekkur | 1 | 2,9 | 5,5 |
| 3. bekkur | 3 | 8,6 | 9,3 |
| 4. bekkur | 6 | 17,1 | 12,5 |
| 5. bekkur | 6 | 17,1 | 12,5 |
| 6. bekkur | 10 | 28,6 | 15,0 |
| 7. bekkur | 10 | 28,6 | 15,0 |
| 8. bekkur | 9 | 25,7 | 14,5 |
| 9. bekkur | 8 | 22,9 | 13,9 |
| 10. bekkur | 23 | 65,7 | 15,7 |
| Fjöldi svara | 77 | | |
| Spurðir | 35 | 21,1 | |
| Ekki spurðir | 131 | 78,9 | |
| Fjöldi svarenda | 166 | 100,0 | |




Í þessari spurningu mátti nefna fleiri en einn svarmöguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.

## Sp. 38b. Fjöldi drengja sem var tímabundið vísað úr kennslu það sem eftir lifði dags

| Fjöldi nemenda | Fjöldi skóla | % | +/- |
|---|---|---|---|
| 0 | 4 | 7,7 | 7,2 |
| 1 | 13 | 25,0 | 11,8 |
| 2 | 17 | 32,7 | 12,7 |
| 3 | 10 | 19,2 | 10,7 |
| 4 | 1 | 1,9 | 3,7 |
| 5 | 2 | 3,8 | 5,2 |
| 6 | 3 | 5,8 | 6,3 |
| 7 | 1 | 1,9 | 3,7 |
| 17 | 1 | 1,9 | 3,7 |
| Fjöldi svara | 52 | 100,0 | |
| Spurðir | 52 | 31,3 | |
| Ekki spurðir | 114 | 68,7 | |
| Fjöldi svarenda | 166 | 100,0 | |




## Sp. 38b. Fjöldi stúlkna sem var tímabundið vísað úr kennslu það sem eftir lifði dags

| Fjöldi nemenda | Fjöldi skóla | % | +/- |
|---|---|---|---|
| 0 | 14 | | |
| 1 | 4 | | |
| 4 | 2 | | |
| Fjöldi svara | 20 | | |
| Spurðir | 20 | 12,0 | |
| Ekki spurðir | 146 | 88,0 | |
| Fjöldi svarenda | 166 | 100,0 | |



## Sp. 38c. Nú biðjum við þig um sundurliðaðar upplýsingar vegna þeirra nemenda sem var tímabundið vísað úr einstakri námsgrein. Hver var fjöldi nemenda?

| Fjöldi nemenda | Fjöldi skóla | % | +/- |
|---|---|---|---|
| 0 | 2 | | |
| 1 | 4 | | |
| 2 | 6 | | |
| 4 | 1 | | |
| 8 | 1 | | |
| 12 | 1 | | |
| 34 | 1 | | |
| Fjöldi svara | 16 | | |
| Spurðir | 16 | 9,6 | |
| Ekki spurðir | 150 | 90,4 | |
| Fjöldi svarenda | 166 | 100,0 | |



# Sp. 38c. Í hvaða árgangi/árgöngum voru nemendurnir sem var tímabundið vísað úr einstakri námsgrein?

| Árgangur | Fjöldi nemenda | % | +/- |
|---|---|---|---|
| 1. bekkur | 0 | | |
| 2. bekkur | 1 | | |
| 3. bekkur | 1 | | |
| 4. bekkur | 2 | | |
| 5. bekkur | 1 | | |
| 6. bekkur | 2 | | |
| 7. bekkur | 2 | | |
| 8. bekkur | 7 | | |
| 9. bekkur | 5 | | |
| 10. bekkur | 9 | | |
| Fjöldi svara | 30 | | |
| Tóku afstöðu | 10 | 62,5 | |
| Tóku ekki afstöðu | 6 | 37,5 | |
| Fjöldi aðspurðra | 16 | 100,0 | |
| Spurðir | 16 | 9,6 | |
| Ekki spurðir | 150 | 90,4 | |
| Fjöldi svarenda | 166 | 100,0 | |




Í þessari spurningu mátti nefna fleiri en einn svarmöguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.

# Sp. 38b. Fjöldi drengja sem var tímabundið vísað úr einstakri námsgrein

| Fjöldi nemenda | Fjöldi skóla | % | +/- |
|---|---|---|---|
| 0 | 2 | | |
| 1 | 6 | | |
| 2 | 5 | | |
| 8 | 1 | | |
| 11 | 1 | | |
| 28 | 1 | | |
| Fjöldi svara | 16 | | |
| Spurðir | 16 | 9,6 | |
| Ekki spurðir | 150 | 90,4 | |
| Fjöldi svarenda | 166 | 100,0 | |




# Sp. 38b. Fjöldi stúlkna sem var tímabundið vísað úr einstakri námsgrein

| Fjöldi nemenda | Fjöldi skóla | % | +/- |
|---|---|---|---|
| 0 | 4 | | |
| 1 | 3 | | |
| 2 | 1 | | |
| 6 | 1 | | |
| Fjöldi svara | 9 | | |
| Spurðir | 9 | 5,8 | |
| Ekki spurðir | 146 | 94,2 | |
| Fjöldi svarenda | 155 | 100,0 | |



## Sp. 38d. Nú biðjum við þig um sundurliðaðar upplýsingar vegna þeirra nemenda sem var tímabundið vísað úr skóla (hámark viku). Hver var fjöldi nemenda?

| Fjöldi nemenda | Fjöldi skóla | % | +/- |
|---|---|---|---|
| 0 | 1 | | |
| 1 | 7 | | |
| 2 | 4 | | |
| 4 | 1 | | |
| Fjöldi svara | 13 | | |
| Spurðir | 13 | 7,8 | |
| Ekki spurðir | 153 | 92,2 | |
| Fjöldi svarenda | 166 | 100,0 | |

## Sp. 38d. Í hvaða árgangi var nemandinn sem var tímabundið vísað úr skóla (hámark viku)?

| Árgangur | Fjöldi neme | % | +/- |
|---|---|---|---|
| 4. bekkur | 1 | | |
| 6. bekkur | 1 | | |
| 7. bekkur | 1 | | |
| 9. bekkur | 1 | | |
| 10. bekkur | 3 | | |
| Fjöldi svara | 7 | | |
| Spurðir | 7 | 4,2 | |
| Ekki spurðir | 159 | 95,8 | |
| Fjöldi svarenda | 166 | 100,0 | |

# Sp. 38d. Í hvaða árgangi/árgöngum voru nemendurnir sem var tímabundið vísað úr skóla (hámark viku)?

| Árgangur | Fjöldi nemenda | % | +/- |
|---|---|---|---|
| 5. bekkur | 1 | | |
| 6. bekkur | 2 | | |
| 10. bekkur | 4 | | |
| Fjöldi svara | 7 | | |
| Tóku afstöðu | 5 | 83,3 | |
| Tók ekki afstöðu | 1 | 16,7 | |
| Fjöldi aðspurðra | 6 | 100,0 | |
| Spurðir | 6 | 3,6 | |
| Ekki spurðir | 160 | 96,4 | |
| Fjöldi svarenda | 166 | 100,0 | |




Í þessari spurningu mátti nefna fleiri en einn svarmöguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.

capacent GALLUP

## Sp. 38d. Fjöldi drengja sem var tímabundið vísað úr skóla (hámark viku)

| Fjöldi | Fjöldi | % | +/- |
|---|---|---|---|
| 0 | 2 | | |
| 1 | 7 | | |
| 2 | 3 | | |
| Fjöldi svara | 12 | | |
| Spurðir | 12 | 7,2 | |
| Ekki spurðir | 154 | 92,8 | |
| Fjöldi svarenda | 166 | 100,0 | |

## Sp. 38d. Fjöldi stúlkna sem var tímabundið vísað úr skóla (hámark viku)

| Fjöldi | Fjöldi | % | +/- |
|---|---|---|---|
| 0 | 2 | | |
| 2 | 1 | | |
| 4 | 1 | | |
| Fjöldi svara | 4 | | |
| Spurðir | 4 | 2,4 | |
| Ekki spurðir | 162 | 97,6 | |
| Fjöldi svarenda | 166 | 100,0 | |

## Sp. 38e. Nú biðjum við þig um sundurliðaðar upplýsingar vegna þeirra nemenda sem var tímabundið vísað úr félags- og tómstundarstarfi. Hver var fjöldi nemenda?

| Fjöldi nemenda | Fjöldi skóla | % | +/- |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | | |
| 2 | 1 | | |
| Fjöldi svara | 2 | | |
| Spurðir | 2 | 1,2 | |
| Ekki spurðir | 164 | 98,8 | |
| Fjöldi svarenda | 166 | 100,0 | |

## Sp. 38e. Í hvaða árgangi var nemandinn sem var tímabundið vísað úr félags- og tómstundarstarfi?

| Árgangur | Fjöldi nemenda | % | +/- |
|---|---|---|---|
| 10. bekkur | 1 | | |
| Fjöldi svara | 1 | | |
| Spurðir | 1 | 0,6 | |
| Ekki spurðir | 165 | 99,4 | |
| Fjöldi svarenda | 166 | 100,0 | |

## Sp. 38e. Í hvaða árgangi/árgöngum voru nemendurnir sem var tímabundið vísað úr félags- og tómstundarstarfi?

| Árgangur | Fjöldi nemenda | % | +/- |
|---|---|---|---|
| 8. bekkur | 1 | | |
| Fjöldi svara | 1 | | |
| Spurðir | 1 | 0,6 | |
| Ekki spurðir | 165 | 99,4 | |
| Fjöldi svarenda | 166 | 100,0 | |

Í þessari spurningu mátti nefna fleiri en einn svarmöguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.

## Sp. 38e. Fjöldi drengja sem var tímabundið vísað úr félags- og tómstundarstarfi

| Fjöldi nemenda | Fjöldi skóla | % | +/- |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | | |
| 2 | 1 | | |
| Fjöldi svara | 2 | | |
| Spurðir | 2 | 1,2 | |
| Ekki spurðir | 164 | 98,8 | |
| Fjöldi svarenda | 166 | 100,0 | |

## Sp. 38f. Nú biðjum við þig um sundurliðaðar upplýsingar vegna þeirra nemenda sem var ótímabundið vísað úr skóla. Hver var fjöldi nemenda?

| Fjöldi nemenda | Fjöldi skóla | % | +/- |
|---|---|---|---|
| 1 | 2 | | |
| Fjöldi svara | 2 | | |
| Spurðir | 2 | 1,2 | |
| Ekki spurðir | 164 | 98,8 | |
| Fjöldi svarenda | 166 | 100,0 | |

# Sp. 38f. Í hvaða árgangi var nemandinn sem var ótímabundið vísað úr skóla?

| Árgangur | Fjöldi nemenda | % | +/- |
|---|---|---|---|
| 8. bekkur | 1 | | |
| 10. bekkur | 1 | | |
| Fjöldi svara | 2 | | |
| Spurðir | 2 | 1,2 | |
| Ekki spurðir | 164 | 98,8 | |
| Fjöldi svarenda | 166 | 100,0 | |

# Sp. 38f. Fjöldi drengja sem var ótímabundið vísað úr skóla

| Fjöldi nemenda | Fjöldi skóla | % | +/- |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | | |
| Fjöldi svara | 1 | | |
| Spurðir | 1 | 0,6 | |
| Ekki spurðir | 165 | 99,4 | |
| Fjöldi svarenda | 166 | 100,0 | |

# Sp. 38f. Fjöldi stúlkna sem var ótímabundið vísað úr skóla

| Fjöldi nemenda | Fjöldi skóla | % | +/- |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | | |
| Fjöldi svara | 1 | | |
| Spurðir | 1 | 0,6 | |
| Ekki spurðir | 164 | 99,4 | |
| Fjöldi svarenda | 165 | 100,0 | |

## Sp. 38g. Nú biðjum við þig um sundurliðaðar upplýsingar vegna þeirra nemenda sem var ótímabundið vísað úr félags- og tómstundastarfi. Hver var fjöldi nemenda?

| Fjöldi nemenda | Fjöldi skóla | % | +/- |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | | |
| Fjöldi svara | 1 | | |
| Spurðir | 1 | 0,6 | |
| Ekki spurðir | 165 | 99,4 | |
| Fjöldi svarenda | 166 | 100,0 | |

## Sp. 38g. Í hvaða árgangi var nemandinn sem var ótímabundið vísað úr félags- og tómstundastarfi?

| Árgangur | Fjöldi nemenda | % | +/- |
|---|---|---|---|
| 8. bekkur | 1 | | |
| Fjöldi svara | 1 | | |
| Spurðir | 1 | 0,6 | |
| Ekki spurðir | 165 | 99,4 | |
| Fjöldi svarenda | 166 | 100,0 | |

## Sp. 38g. Fjöldi drengja sem var ótímabundið vísað úr félags- og tómstundastarfi

| Fjöldi nemenda | Fjöldi skóla | % | +/- |
|---|---|---|---|
| 1 | 1 | | |
| Fjöldi svara | 1 | | |
| Spurðir | 1 | 0,6 | |
| Ekki spurðir | 165 | 99,4 | |
| Fjöldi svarenda | 166 | 100,0 | |

# Sp. 39. Hefur skólinn þurft að nota líkamlegt inngrip, sbr. 13. reglugerðar nr. 1040/2011?

| | Fjöldi | % | +/- |
|---|---|---|---|
| Já | 72 | 44,7 | 7,7 |
| Nei | 89 | 55,3 | 7,7 |
| Fjöldi svara | 161 | 100,0 | |
| Tóku afstöðu | 161 | 97,0 | |
| Tóku ekki afstöðu | 5 | 3,0 | |
| Fjöldi svarenda | 166 | 100,0 | |



# Sp. 40. Vegna hvers þurfti að nota líkamlegt inngrip?

| | Fjöldi | % | +/- |
|---|---|---|---|
| Vegna hættulegrar hegðunar | 66 | 91,7 | 6,4 |
| Vegna vímuefnaneyslu | 1 | 1,4 | 2,7 |
| Annars | 9 | 12,5 | 7,6 |
| Fjöldi svara | 76 | | |
| Spurðir | 72 | 43,4 | |
| Ekki spurðir | 94 | 56,6 | |
| Fjöldi svarenda | 166 | 100,0 | |




Í þessari spurningu mátti nefna fleiri en einn svarmöguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.

Þeir skólar sem hafa þurft að nota líkamlegt inngrip (sp. 39) voru spurðir þessarar spurningar.

## Sp. 41. Hefur skólinn sett sér verklagsreglur í samræmi við 5. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar um líkamlegt inngrip?

| | Fjöldi | % | +/- |
|---|---|---|---|
| Já | 32 | 19,9 | 6,2 |
| Nei | 67 | 41,6 | 7,6 |
| Er í vinnslu | 62 | 38,5 | 7,5 |
| Fjöldi svara | 161 | 100,0 | |
| Tóku afstöðu | 161 | 97,0 | |
| Tóku ekki afstöðu | 5 | 3,0 | |
| Fjöldi svarenda | 166 | 100,0 | |



# Sp. 43. Hversu gagnlegar eða ógagnlegar finnst þér leiðbeiningar Sambands íslenskra sveitarfélaga á grundvelli 13. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum vera?

| | Fjöldi | % | +/- |
|---|---|---|---|
| Mjög gagnlegar | 43 | 26,7 | 6,8 |
| Frekar gagnlegar | 89 | 55,3 | 7,7 |
| Hvorki né | 24 | 14,9 | 5,5 |
| Frekar ógagnlegar | 1 | 0,6 | 1,2 |
| Mjög ógagnlegar | 0 | 0,0 | 0,0 |
| Á ekki við | 4 | 2,5 | 2,4 |
| Fjöldi svara | 161 | 100,0 | |
| Tóku afstöðu | 161 | 97,0 | |
| Tóku ekki afstöðu | 5 | 3,0 | |
| Fjöldi svarenda | 166 | 100,0 | |




capacent GALLUP

## Sp. 44. Telur þú mikla eða litla þörf á að mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga útbúi almenn viðmið um skólareglur, sbr. 9. gr. reglugerðarinnar?

| | Fjöldi | % | +/- |
|---|---|---|---|
| Mjög mikla þörf | 32 | 19,9 | 6,2 |
| Frekar mikla þörf | 62 | 38,5 | 7,5 |
| Hvorki litla né mikla þörf | 40 | 24,8 | 6,7 |
| Frekar litla þörf | 16 | 9,9 | 4,6 |
| Mjög litla þörf | 4 | 2,5 | 2,4 |
| Enga þörf | 7 | 4,3 | 3,2 |
| Fjöldi svara | 161 | 100,0 | |
| Tóku afstöðu | 161 | 97,0 | |
| Tóku ekki afstöðu | 5 | 3,0 | |
| Fjöldi svarenda | 166 | 100,0 | |



## Sp. 45. Hversu vel eða illa telur þú að skólanum hafi almennt tekist að innleiða meginákvæði reglugerðar nr. 1040/2011?

| | Fjöldi | % | +/- |
|---|---|---|---|
| Mjög vel (5) | 21 | 13,0 | 5,2 |
| Frekar vel (4) | 98 | 60,9 | 7,5 |
| Hvorki né (3) | 40 | 24,8 | 6,7 |
| Frekar illa (2) | 1 | 0,6 | 1,2 |
| Mjög illa (1) | 1 | 0,6 | 1,2 |
| Vel | 119 | 73,9 | 6,8 |
| Hvorki né | 40 | 24,8 | 6,7 |
| Illa | 2 | 1,2 | 1,7 |
| Fjöldi svara | 161 | 100,0 | |
| Tóku afstöðu | 161 | 97,0 | |
| Tóku ekki afstöðu | 5 | 3,0 | |
| Fjöldi svarenda | 166 | 100,0 | |
| **Meðaltal (1-5)** | 3,9 | | |
| Vikmörk ± | 0,1 | | |







capacent GALLUP

# Sp. 46. Telur þú þörf á að endurskoða einstök ákvæði reglugerðar nr. 1040/2011?

| | Fjöldi | % | +/- |
|---|---|---|---|
| Já | 14 | 8,7 | 4,4 |
| Nei | 147 | 91,3 | 4,4 |
| Fjöldi svara | 161 | 100,0 | |
| Tóku afstöðu | 161 | 97,0 | |
| Tóku ekki afstöðu | 5 | 3,0 | |
| Fjöldi svarenda | 166 | 100,0 | |




capacent GALLUP

# Sp. 47. Hvaða atriði þarfnast endurskoðunar?

- 6.grein mætti vera ítarlegri, að jákvæður skólabragur væri skilgreindur.
- Ábyrgð og skyldur foreldra - þeir geta oftar en ekki sagt sínar skoðanir í hvaða birtingarmynd sem er en skólar geta aldrei svarað þeim skoðunum opinberlega.
- Eðlilegt án tillits til innihalds að endurskoða á td 2ja - 4ra ára fresti.
- Eftir að hafa setið fundi með skólastjórum í Reykjavík hefur mér fundist atriði varðandi vímuefnaneyslu eða áhrif þess í skólatíma ef til vill þurfa skýrari ákvæði en í okkar skóla er þetta ekki vandamál.
- Ekkert sérstakt enda mikil og góð vinna sem fram fór áður en þessi reglugerð var samþykkt.
- Hef ekki myndað mér skoðun.
- Menntamálaráðuneytið ætti að beita sér fyrir því að skólar skapi jákvætt, kærleiksríkt og verndandi umhverfi þar sem nemendum líður vel og þeir finna að þeir hafi eitthvað um framvindu starfsins að gera og skapa aðstæður þar sem nemendavandamál, hegðunarvandamál og einelti koma síður upp frekar en að eyða púðri í að búa til áætlanir um það hvernig bregðast skuli við því þegar slík mál koma upp.
- Nauðsynlegt að endurskoða alla þætti reglulega.
- Skýrari mörk.
- Varðandi 5. greinina um ábyrgð foreldra: Ég hef mikið hugleitt upp á síðkastið (það kemur reyndar grein frá mér í tímariti um heilbrigði og velferð um þetta) að sumir foreldrar þurfa stuðning við að uppfylla sinn þátt reglugerðarinnar um ábyrgð og skyldur í skólasamfélaginu. Ég nota mörg tækifæri til þess að benda á þá staðreynd að margir foreldrar vita ekki af þessum formlegu skyldum. Bendi hér með á þetta til úrlausnar.
- Við teljum ávallt að endurskoða þurfi reglur reglulega.
- Það er mitt mat að það sé alltaf gott að endurskoða. Breyttar aðstæður í þjóðfélagi kallar á breytta starfshætti.
- Það þarf alltaf að endurmeta og endurskoða þau atriði er snerta velferð og öryggi barna.
- Það þarf alltaf að fara yfir og endurskoða jafnvel þó niðurstaðan verði sú að óþarfi sé að hrófla við reglugerðinni þetta árið. Engin sérstök atriði þó.

# Sp. 48. Er eitthvað að lokum sem þú vilt að komi fram?

- Allar þessar áætlanir á öllum mögulegum sviðum sem tengjast beint eða óbeint hefðbundnu skólastarfi taka mikinn tíma stjórnenda og það er skoðun margra sem ég hef rætt þetta við, og manni finnst frekar mikið lagt upp úr formlegheitum sem hjálpa okkur ekki endilega að gera góðan skóla betri. Áætlanir eru eflaust víða til staðar uppi í hillu en við vitum það að margir skólar eru með stórt og mikið verkefni á sinni könnu að framfylgja þessum áætlunum. Stundum getur maður orðið uppgefinn í öllu þessu stússi þegar maður vildi frekar vera að gera hluti sem skila beint árangri í daglegu skólastarfi.
- Alltaf gott að hafa skýrar verklagsreglur og ramma til að vinna með þegar unnar eru allar þær áætlanir og stefnur sem hver skóli þarf á að halda.
- Almennt tel ég okkur vera með hlutina nokkurn vegin í lagi en þó má eflaust bæta allt og leggjum við áherslu á að halda umræðunni um jákvæðan skólabrag á lofti.
- Auðarskóli er samrekinn grunn-, leik- og tónlistarskóli. Margt gildir sameiginlega fyrir allan skólann t.d. skólareglur.
- Á skóladagatali sem hægt er að sjá á heimasíðunni, laugargerdisskóli.is er hægt að sjá hvernig foreldrar koma til skiptis inn í til að hjálpa við félgasstarf nemdenda eftir skóla. Bæjarnöfnin eru sett inn þar sem foreldrar koma inn.
- Ánægð með reglugerðina og styrkir okkur í starfi.
- Árskógarskóli er nýr skóli, 1. ágúst 2012, tveggja skólastiga undir sama þaki, leik- og grunnskólastig. Skólinn er vel á veg kominn með ýmislegt sem reglugerðin fjallar um en annað er í vinnslu. Jákvætt að svara slíkri könnun og ákveðið aðhald, gott fyrir nýjan skóla að fara yfir hvernig staðan á þessum málum er nú á öðru starfsári.
- Ástæða þess að ég tel enga þörf á að Sambandið og ráðuneytið gangist fyrir gerð skólareglna er að ég óttast að slíkar reglur yrðu álitnar einhvers konar yfirreglur og að allir skólar ættu að hafa reglur af þeirri gerð. Ég er þeirrar skoðunar að mikill munur sé milli skóla á Íslandi hvað varðar skólabrag, janfvel þó svo að íslenskir skólar séu einsleitir að ýmsu öðru leyti. Miðlægar skólareglur gætu því haft neikvæð áhrif fyrir marga skóla.
- Ekkert sem ég man utan að það hefði mátt hafa neðst glugga fyrir nánari útskýringar í sumum spurningum. Annars svaraði ég eftir bestu samvisku.
- Ekki viss um kynningu skólareglna fyrir skólaráði á sínum tíma.
- Finnbogastaðaskóli er minnsti grunnskóli landsins og því er sumt í könnuninni sem passar illa við okkar litla skóla og smáa skólasamfélag. Mikil og góð tengsl eru á milli þessar fimm nemenda og tveggja kennara.
- Gangi ykkur vel :)
- Góð könnun um mikilvægan þátt eins og skólabrag.
- Háaleitisskóli hefur síðustu 5 ár verið útibú frá Njarðvíkurskóla og því hefur Háaleitisskóli unnið eftir mörgum þáttum sem tengjast Njarðvíkurskóla. Haustið 2013 var Háaleitisskóli sjálfstæður skóli og verið er að aðlaga skólann sem sjálfstæða einingu s.s. með sér heimasíðu þar sem aðgengilegar upplýsingar um Háaleitisskóla munu birtast eftir áramótin um sérstöðu skólans og einkenni hans.

# Sp. 48. Er eitthvað að lokum sem þú vilt að komi fram?

- Innan skólanna er góður vettvangur til þess að ræða og útfæra reglugerð af þessu tagi. Bendi aftur á að skapa þarf góðan vettvang fyrir foreldra til þess að meta eigin þátttöku í skólasamfélaginu. Það væri frábært ef foreldrar fengju sambærilega viðhorfskönnun á hvernig þeir axla þá ábyrgð sem kemur fram í reglugerðinni. Sama gildir um nemendur : ).
- Já, ég virðist þurfa að skrifa eitthvað hér til að geta lokað. Almennt tel ég okkur vera með hlutina nokkurn veginn í lagi en þó má eflaust bæta allt og leggjum við áherslu á að halda umræðunni um jákvæðan skólabrag á lofti.
- Klettaskóli er á 3ja starfsári - hefur stuðst við námskrár og verklagsferla Safamýrar- og Öskjuhlíðarskóla samhliða því sem unnið er að eigin skólanámskrá, handbækur og verkferla. Sumt er langt komið, sumt er þegar í endurskoðun og sumt ekki unnið til enda. Unnið er með skólaráðsfulltrúum og stjórn foreldrafélags.
- Krikaskóli er nýr skóli sem er enn í mótun.  Ekki eru allir þættir komnir inn á vefinn en skólareglur hafa verið settar í upphafi í samstarfi kennara og barna.  Þær eru núna að fara í gegnum lokakynningu innan skólans og til foreldra.  Munu því birtast á næstu dögum á heimsíðu skólans.
- Kær kveðja frá Flóaskóla. :-)
- Könnuninni er erfitt að svara miðað við þá óvissu sem ríkir um framtíð skólans og smæð hans. Sveitastjórnarmenn hafa ekki mótað neina sýn um framtíð hans. Nýlega var sveitafélagið sameinað stærra sveitafélagi og var því lofað að skóli yrði út þetta kjörtímabil, fram á vor 2014, ráðning mín er til vors 2014. Ég hef tekið mið af regluverki sem tilheyrir stærri skóla sveitafélagsins. Þau mál sem upp hafa komið hafa verið leyst á farsælan hátt. Skólinn nýtir alla stoðþjónustu sem tilheyrir sveitafélaginu. Vinsamlega hafið samband ef eitthvað er.
- Mér finnst mjög gott að þessi könnun sé send út - hún hnippir í mann, minnir mann á hvar gera þarf betur. Það er að svo mörgu að hyggja. Í dag er eineltisdagurinn, við vorum með góða samveru á sal þar sem við fullorðnu lékum nokkur sýnidæmi um einelti og 6. og 7. bekkur frumsýndu myndband um einelti. Við gerum þetta þó við séum að koma út úr 6 vikna vinasmiðju með höfuð áherslu á jákvæðan skólabrag. Svo eftir hádegi voru allir starfsmenn í 4 klukkutíma skyndihjálparnámskeiði. Það er mikil vinna að vera á tánum með þetta allt saman en vitunarvakningar og samfélagsleg umræða styður ómetanlega við skólastarfið. Allir eiga að tilheyra, njóta virðingar, sannmælis og kærleika.
- Mér finnst svolítið sérstakt að þessi reglugerð sé ekki nefnd í upptalningunni í nýrri Aðalnámskrá um hvað skuli vera í skólanámskrám grunskóla! Sbr bls 64 í Aðalnámskrá.
- Mjög fámennur skóli. Boðleiðir stuttar ef eitthvað er. Góð samvinna allra sem að skólanum standa.
- Reglugerðir og skólareglur þurfa að vera í sífelldri endurskoðun  sérstaklega það sem snýr að netnotkun.
- Reglur af því tagi sem hér er spurt um þurfa að vera sveigjanlegar til að taka mið af aðstæðum hverju sinni en jafnframt að vera skýrar svo öllum sé ljóst hvað tekur við ef þær eru brotnar. Þess vegna er erfitt að búa til einn miðlægan ramma í eitt skipti fyrir öll.
- Sendið mér niðurstöður um leið og þær eru tilbúnar.

# Sp. 48. Er eitthvað að lokum sem þú vilt að komi fram?

- Skilgreining á hugtakinu skólabragur er ekki til staðar í skólanámskrá en framtíðarsýn skólans var unnin út frá því sem skólinn vill standa fyrir og vinna með til að móta og viðhalda jákvæðum skólabrag sem átti að uppfylla reglugerð um jákvæðan skólabrag og samskipti. Þannig var unnið og skilgreint stefna skólans varðandi skólabraginn þó hugtakið sjálft sé ekki skilgreint sérstaklega. Úr þessu verður bætt hið fyrsta til að uppfylla fyrstu málsgrein í III. kafla (6. grein).
- Skólabragur er í kafla 2 undir leiðarljós í skólanámskrá Lundarskóla sem er hér: http://lundarskoli.akureyri.is/skjol/skjol_13_14/Handbok%20heimilanna%202013-2014.pdf
- Skólabragur skólans er mjög góður, en orðið skólabragur er ekki mikið notað í rituðu máli. Gerðar eru líðanakannanir flest haust meðal nemenda og starfsfólks skólans og unnið hefur verið markvisst úr þeim.
- Skólinn er lítill og er vinna við innleiðinguna skammt á veg kominn sökum mannaflaskorts. Vonin er að við myndum vinna þetta eftir áramót af miklu kappi.
- Skólinn starfar eftir Uppeldi til ábyrgðar og fara skólareglur eftir þeirri hugmyndafræði. Ferli agamála er að finna í almennum hluta skólanámskrár Grundaskóla  og verður einnig í starfsáætlun skólans.
- Stjórnendur og starfsfólk Garðaskóla hefur verið ánægt með reglugerð 1040/2011. Hún var vel kynnt til allra starfsmanna stuttu eftir útkomu hennar og þær kynningar sköpuðu umræðu um framkvæmd ýmissa atriða í skólastarfinu. Vinna við endurskoðun skólaregla var unnin í mjög góðri sátt í skólasamfélaginu og nemendur, foreldrar og starfsfólk var ánægt með samþykktar reglur. Mikilvægt er að hver skóli upplifi eignarhald á skólareglum, að þær lýsi innri hvata en séu ekki birtingarmynd almennra, utanaðkomandi reglna um skólastarf. Ákveðnir málaflokkar sem heyra undir reglugerðina kalla á náið samstarf skóla og skóladeildar bæjarins. Þetta er (kannski eðlilega) sá hluti innleiðingarinnar sem tekur lengstan tíma enda þarf í því samhengi að hafa samráð við marga aðila og heyra ólík sjónarmið. Það tekur tíma að breyta sameiginlegum verkferlum stofnana en mikilvæg skref hafa verið stigin s.s. endurskoðun eineltisáætlunar. Nú eru aðilar að skoða stöðu sérfræðiþjónustunnar, hvort hún nýtist í þau verkefni sem skólarnir hafa þörf fyrir en þessi endurskoðun er unnin í anda reglugerðar 1040/2011.
- Sumar spurning eins og t.d. um sérfræðiþjónustu eru Reykjavíkurmiðaðar. Kerfið í Garðabæ er byggt upp með öðrum hætti.
- Sú sem tekur könnunina hóf störf í skólanum í ágúst 2013 vegna veikinda skólastjóra. Þekking á öllu innan skólans og því sem gamalt er miðast við það sem ég gat komist að með samræðum við eldri kennara skólans og leitar í gögnum. Svör eru eftir bestu vitund. kv. Elín Rán.
- Takk fyrir þátttökuna. Fékk mig til þess að skoða þessi mál betur.
- Umræðufundir um jákvæðan skólabrag hafa verið á dagskrá undanfarin mánuð meðal starfsmanna skólans. Þar er sameiginlega verið að skilgreina jákvæðan skólabrag til að tryggja að allir leggi sömu merkingu í orðið og vinni í takt.
- Upplýsingar um fjölda nemenda sem hefur verið vikið úr einstaka námsgreinum eða kennslustundum tímabundið eru mjög óáreiðanlegar. Hefði sleppt að svara þeim ef það hefði verið í boði.
- Velti fyrir mér hvað eftirfarandi málsgrein (gr. 10, mgr. 3) úr reglugerðinni þýðir: ,,Óheimilt er að nota skráningarkerfið á þann hátt að uppsafnaðir refsipunktar leiði sjálfvirkt til agaviðbragða." ?

## Sp. 48. Er eitthvað að lokum sem þú vilt að komi fram?

- Við erum alþjóðlegur skóli sem enn hefur ekki fengið stöðu frá Menntamálaráðuneytinu sem grunnskóli. Mér er bæði ljúft og skylt að svara könnun sem þessari en það myndi vanta stundum fyrir mig að geta merkt við annað en já eða nei og gefið skýringar.
- Við notum inngrip í neyð en það er gott að hafa verklagsreglu eins og reglugerðin gerir ráð fyrir. Þótt hún sé ekki skrifuð hjá okkur er hún til því allir starfsmenn eru upplýstir um viðbrögð.
- Viðurlög við brot á reglum er mjög alvegarlegt hugtak og vafalaust mikilvægt eftir því sem börnin eldast. Í mínum skóla eru nemendur á yngsta stigi grunnskóla og viðbrögð við óæskilegri hegðun frekar eitthvað sem þarf að hafa í huga en viðurlög. Eflaust skilgreiningaratriði en hreyfir við mér eftir sem áður.
- Waldorfskólinn hefur ekki innleitt sérstakt kerfi til að viðhalda góðum skólabrag en skólastefnan sjálf ýtir undir góðan skólabrag á margvíslegan hátt, og má þar nefna: Sterk tengsl bekkjarkennara og nemenda, þar sem kennari fylgir hóp gegnum allan grunnskólann. Sterkur hrynjandi í skólastarfinu. Góð umsjón í frímínútum og sameiginlegt hádegishlé nemenda og kennara. Sameiginlegur morgunsöngur daglega og sameiginlegur undirbúningur hátíða. Eitt af markmiðum skólastefnunnar er að stuðla að kærleiksríku skólastarfi.
- Það ber að hafa í huga að núverandi skólastjórnendur við Grunnskólann á Drangsnesi tóku við skólanum skólaárið 2012-2013 og eru svörin í könnuninni einungis miðuð við þann tíma þar sem ekki lágu fyrir upplýsingar frá fyrri stjórnanda.
- Það er margt í þessari könnun sem ég hef ekki skoðað á þessum tíma sem ég hef starfað sem skólastjóri og á einnig erfitt með að svara því sem hefur verið gert áður. Eins og er þá er ég að leysa af hluta af vetrinum og er líka að kenna fulla kennslu, svo margt af því sem spurt er um er eitthvað sem ég veit ekki. Skólanámskráin er í endurskoðun þar sem hún er síðan árið 2010 (án endurskoðunar) og margt sem þarf að yfirfara með tilliti til nýrrar aðalnámskrár. (bæti inn í vinnsluna reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.) til að tryggja að þeir þættir sem koma fram þar gleymist ekki í ferlinu.
- Það hefur verið grunnhugmynd skólans að hafa reglur í skólanum eins fáar og einfaldar og hægt er. Það hefur verið góð sátt um það meðal þeirra sem að skólastarfinu koma svo sem skólaráði, foreldra, fræðslunefndar og nemendaverndarráðs. Þetta gengur vel að öllu jöfnu og í þeim tilfellum þar sem reynt hefur að einhverju marki á t.d. líkamleg inngrip er reynt að vinna þau mál strax í samstarfi við aðstandendur og eftir því sem hægt er fyrirfram að móta til hvaða aðgerða verður gripið ef þörf krefur og byggja þá á fyrirframgefnu samþykki foreldra. Það er hins vegar sárasjaldan sem á þetta reynir.
- Það væri frábært að hafa gagnabanka t.d. á síðu Sambandsins eða Menntamálaráðuneytisins þar sem í væru hugmyndir að formum t.d. hugmyndir að hinum ýmsu viðbragðsáætlunum sem hver skóli á að útbúa. Minni skólar hafa ekki fjármagn og starfsfólk til að vinna alla þessa vinnu og því væri gott að hafa svona gagnabanka til að allir þurfi ekki að finna upp hjólið, geti það ef þeir vilja, en hafi möguleikann á að nýta sér form og aðlaga að sínum skóla.
- Þar sem ég hóf störf sem skólastjóri 1. nóvember 2013 getur verið að mér sé ekki fyllilega kunnugt um það sem gert hefur verið og hvernig það hefur verið gert. Verkferlar eru ekki skráðir sem slíkir. Ég hafði samráð við kennara sem hefur verið starfandi hvað lengst við skólann við úrlausnina.

# Leiðbeiningar um túlkun niðurstaðna

## Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ...?

| | Fjöldi | % | +/- |
|---|---|---|---|
| Mjög hlynnt(ur) (5) | 217 | 27,6 | 3,1 |
| Frekar hlynnt(ur) (4) | 356 | 45,3 | 3,5 |
| Hvorki né (3) | 133 | 16,9 | 2,6 |
| Frekar andvíg(ur) (2) | 61 | 7,8 | 1,9 |
| Mjög andvíg(ur) (1) | 19 | 2,4 | 1,1 |
| Hlynnt(ur) | | 72,9 | 3,1 |
| Hvorki né | | 16,9 | 2,6 |
| Andvíg(ur) | | 10,2 | 2,1 |
| Fjöldi svara | 786 | 100,0 | |
| Tóku afstöðu | 786 | 69,2 | |
| Tóku ekki afstöðu | 350 | 30,8 | |
| Fjöldi aðspurðra | 1.136 | 100,0 | |
| Spurðir | 1.136 | 95,8 | |
| Ekki spurðir | 50 | 4,2 | |
| Fjöldi svarenda | 1.186 | 100,0 | |
| **Meðaltal (1-5)** | 3,9 | | |
| Vikmörk ± | 0,1 | | |

Í **tíðnitöflu** má sjá hvernig svör þátttakenda dreifast á ólíka svarkosti. Þar má einnig sjá hversu margir tóku afstöðu til spurningarinnar og hversu margir voru spurðir. Í töflunni hér fyrir ofan má sjá að tæplega 28% þátttakenda eru mjög hlynnt því sem spurt var um og ríflega 45% frekar hlynnt. Ef teknir eru saman þeir sem segjast frekar og mjög hlynntir má sjá að í heildina eru tæplega 73% hlynnt málefninu. Vekja ber athygli á að hátt hlutfall aðspurðra, eða 30,8%, tók ekki afstöðu til spurningarinnar og er talan því rauðlituð því til áherslu.

**Meðaltal** er reiknað með því að leggja saman margfeldi af vægi svars og fjölda sem velja það svar og deila upp í summuna með heildarfjölda svara. Í töflunni hér fyrir ofan reiknast meðaltal skv. eftirfarandi formúlu: [Mjög hlynnt(ur) (fj. x 5) + frekar hlynnt(ur) (fj. x 4) + hvorki né (fj. x 3) + frekar andvíg(ur)(fj. x 2) + mjög andvíg(ur) (fj. x 1)] / Heildarfjöldi svara. Í þessu dæmi tekur meðaltalið gildi á kvarðanum 1 til 5 en meðaltalið tekur gildi á því bili sem kvarðinn er hverju sinni.

Dæmi

**Vikmörk (sjá +/- dálk í tíðnitöflu)**

Til að geta áttað sig betur á niðurstöðum rannsókna er nauðsynlegt að skilja hvað vikmörk eru. Vikmörk eru reiknuð fyrir hverja hlutfallstölu og meðaltöl og ná jafn langt upp fyrir og niður fyrir töluna nema ef vikmörkin fara niður að 0% eða upp að 100%. Oftast er miðað við 95% vissu. Segja má með 95% vissu að niðurstaða sem fengin er úr rannsókn liggi innan þessara vikmarka ef allir í þýðinu eru spurðir. Í dæminu hér til hliðar má segja með 95% vissu að hefðu allir í þýði verið spurðir, hefðu á bilinu 24,5% til 30,7% (27,6% +/- 3,1%) verið mjög hlynnt málefninu. Einnig má nota vikmörk til að skoða hvort marktækur munur sé á fjölda þeirra sem velja ólíka svarkosti. Ef vikmörkin skarast ekki er marktækur munur á fjöldanum. T.d. væri hægt að segja með 95% vissu að marktækt fleiri einstaklingar séu frekar hlynntir málefninu en mjög hlynntir því.

**Greiningar og marktekt**

Oft er gerð greining á hverri spurningu eftir lýðfræðibreytum, s.s. kyni, aldri og búsetu, sem og eftir öðrum spurningum í sömu könnun. Hér fyrir neðan má sjá greiningu eftir kyni og aldri þátttakenda. Þar sést t.d. að 29% karla eru mjög hlynntir málefninu á móti 26% kvenna. Í greiningum er jafnframt sýnt meðaltal mismunandi hópa og tekið fram hvort sá munur á meðaltölum sem kom fram á hópum í könnuninni er tölfræðilega marktækur. Þegar munurinn er marktækur er titillinn stjörnumerktur, eins og í tilfelli aldurs spurningarinnar í greiningunni hér fyrir neðan. Að auki eru súlur sem sýna meðaltöl litaðar dökkgráar til áherslu.

Algengur misskilningur er að ef tölfræðiprófið er ekki marktækt þá sé ekkert að marka þá niðurstöðu. Það er hins vegar rangt, því merking tölfræðilegrar marktektar felst í því hvort hægt sé að alhæfa mun sem kemur fram í könnun yfir á þýði. Í dæminu hér fyrir neðan má sjá að eftir því sem fólk eldist er það hlynntara málefninu og staðhæfa má með 95% vissu að þessi munur eftir aldurshópum á sér einnig stað í þýðinu (t.d. meðal þjóðarinnar).

Lengst til hægri á myndinni hér fyrir neðan er sýndar breytingar á meðaltölum frá síðustu mælingu. Í þessu dæmi má sjá að meðaltal karla hefur lækkað um 0,3 stig frá síðustu mælingu (er nú 3,9 og var síðast 3,6). Stjörnumerkingin við súluna vísar til þess að munur milli mælinga er tölfræðilega marktækur. Því má segja að karlmenn séu nú að jafnaði hlynntari málefninu en þeir voru í síðustu mælingu.




capacent GALLUP

# Að lokum

**Reykjavík, 7. janúar 2014**

Bestu þakkir fyrir gott samstarf,

Sigríður Ólafsdóttir
Eva Dröfn Jónsdóttir

Allar ábendingar varðandi framsetningu skýrslunnar eru vel þegnar.
Vinsamlegast sendið tölvupóst á abending@capacent.is til að koma þeim á framfæri.